

Breyting á lögregluögum - Umdæmaskipan, staðsetning starfsstöðva, undirbúningur breytinga

Hinn 22. maí síðastliðin tóku gildi ný lög nr. 51/2014 um breytingu á lögregluögum sem fela m.a. í sér aðskilnað embætta lögreglustjóra og sýslumanna og fækkun lögregluumdæma.

Landið skiptist í níu lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
2. Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
3. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum.
4. Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra.
5. Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.
6. Lögreglustjórinn á Austurlandi.
7. Lögreglustjórinn á Suðurlandi.
8. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
9. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum.

Verkefni innanríkisráðherra í kjölfar setningar hinna nýju laga hvað varðar skipulag hinna nýju embætta er einkum tvíþætt.

Annars vegar að ákveða í reglugerð hver umdæmamörk einstakra embætta eru. Við ákvörðun umdæmamarka lögregluembætta skal höfð hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæmum og að höfðu samráði við lögreglustjóra, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Hins vegar að ákveða í reglugerð hvar aðalstöð lögreglustjóra skal vera og hvar lögreglustöðvar verða starfræktar innan umdæmanna, að höfðu samráði við lögreglustjóra.

Umræðuskjal þetta er sett fram til að gefa umsagnaraðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um ofangreind atriði sem höfð verða til hliðsjónar við samningu framangreindra reglugerða.

Í umræðuskjali þessu eru sett fram viðmið og valkostir til umræðu og skoðanaskipta en ekki endanlegar ákvarðanir. Var m.a. litið til eftirfarandi sjónarmiða:

- Að sem minnst röskun verði á skipulagi og starfsemi lögregluembætta vegna breytinganna.
- Við ákvörðun umdæmamarka nýrra lögregluembætta verði tekið almennt mið af núverandi umdæmamörkum hinna 15 lögregluembætta sem nú eru starfandi.
- Að ný umdæmamörk taki að meginstefnu til mið af samstarfi sveitarfélaga í landshlutasamtökum.
- Að tryggð verði áframhaldandi öflug þjónusta í hverju umdæmi um sig, allt eftir aðstæðum. Það verði gert með því að tryggja starfsemi verði áfram þar sem hún er fyrir í dag þó að breytingar kunni að eiga sér stað.
- Að aðalstöðvar lögreglustjóra verði í öðru bæjarfélagi en aðalskrifstofur sýslumannsembættis. Þannig megi komast hjá röskun í byggðalegu tilliti.

Umdæmamörk, aðalstöð lögreglustjóra og lögreglustöðvar.

Hér eru kynntir valkostir varðandi umdæmamörk hinna nýju lögregluembættanna. Þá eru einnig settar fram hugmyndir um staðsetningu aðalstöðva lögreglustjóra og lögreglustöðva innan umdæma.

Ráðuneytið setur fram eftirfarandi skilgreiningu varðandi aðalstöð lögreglustjóra:

1. Á aðalstöð lögreglustjóra er aðsetur lögreglustjóra. Þar eru m.a. helstu rekstrareiningar lögregluembættisins s.s. skjalavarsla, fjármálastjórn og starfsmannahald.
2. Með lögreglustöð er átt við starfsstöð lögreglu utan aðalstöðvar lögreglu á tilteknu svæði innan umdæmisins eftir ákvörðun lögreglustjóra.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir valkostum í hverju umdæmi um sig.

Umdæmi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu

Sveitarfélög: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær.

Aðalstöð lögreglustjóra: Höfuðborgarsvæðið.

Lögreglustöðvar: Höfuðborgarsvæðið.

Umdæmi lögreglustjóra á Vesturlandi:

Sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð.

Aðalstöð lögreglustjóra: Borgarnes

Lögreglustöðvar: Akranes, Stykkishólmur, Búðardalur, Snæfellsbær, Grundarfjörður.

Umdæmi lögreglustjóra á Vestfjörðum

Sveitarfélög: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Aðalstöð lögreglustjóra: Ísafjörður

Lögreglustöðvar: Bolungarvík, Patreksfjörður, Hólmavík.

Umdæmi lögreglustjóra á Norðurlandi vestra

Sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Aðalstöð lögreglustjóra: Sauðárkrókur

Lögreglustöðvar: Blönduós.

Umdæmi lögreglustjóra á Norðurlandi eystra

Sveitarfélög: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Aðalstöð lögreglustjóra: Akureyri

Lögreglustöðvar: Húsavík, Siglufjörður, Dalvík, Þórshöfn.

Umdæmi lögreglustjóra á Austurlandi

Sveitarfélög: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.¹

Aðalstöð lögreglustjóra: Eskifjörður.

Lögreglustöðvar: Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Vopnafjörður, Neskaupstaður, Fáskrúðsfjörður, Höfn í Hornafirði (Sveitarfélagið Hornafjörður), Djúpivogur.

Umdæmi lögreglustjóra á Suðurlandi

Sveitarfélög: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus.

Aðalstöð lögreglustjóra: Hvolsvöllur.

Lögreglustöðvar: Selfoss, Vík, Kirkjubæjarklaustri.

Umdæmi lögreglustjóra í Vestmannaeyjum

Sveitarfélag: Vestmannaeyjabær.

Aðalstöð lögreglustjóra: Vestmannaeyjabær.

Umdæmi lögreglustjóra á Suðurnesjum

Sveitarfélög: Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar. Svæði á Suðurnesjum sem sýnd eru á uppdráttum er fylgja umræðuskjali þessu

Aðalstöð lögreglustjóra: Reykjanesbær.

Lögreglustöðvar: Grindavík, Sandgerði, Garði, Vogum, Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Umsagnir og önnur atriði í undirbúningi

Samhliða þessu skjali er sett fram sambærilegt umræðuskjal varðandi ný umdæmi lögreglustjóra.

Ráðuneytið óskar eftir umsögnum og sjónarmiðum Sambands íslenskra sveitarfélaga,

landshlutasamtaka sveitarfélaga og starfandi lögreglustjóra um ofangreinda valkosti. Með

sameiningu lögregluembætta verða að mati ráðuneytisins til öflugri þjónustustofnanir sem standa

betur að vígi en áður til þess að sinna hlutverki sínu og taka að sér aukin verkefni. Því er mikilvægt að

náið og gott samráð sé viðhaft við innleiðingu hinna nýju laga. Með hliðsjón af innkomnum

umsögnum mun ráðuneytið gefa út reglugerð í samræmi við fyrirmæli í 3. gr. laga nr. 51/2014.

¹ Í umræðuskjali þessu er miðað við að sveitarfélagið Hornafjörður falli innan umdæmismarka lögreglustjórans á Austurlandi en sveitarfélagið fellur nú innan marka lögreglustjóraembættisins á Eskifirði, þó svo að Sveitarfélagið Hornafjörður taki þátt í samstarfi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Ráðuneytið vill geta þess að samhliða þessum undirbúningi verða nýir lögreglustjórar skipaðir í embætti í samræmi við ákvæði I til bráðabirgða við lögin. Að því loknu taka skipaðir lögreglustjórar við mótun skipulags og reksturs nýrra embætta. Meðal verkefna þeirra verður að bjóða öllum starfsmönnum þeirra embætta sem lögð verða niður störf ýmist hjá hinum nýju embættum sýslumanna eða lögregluembættum, sbr. bráðabirgðaákvæði II við lögin. Reynist ekki unnt að bjóða núverandi starfsmanni starf við ný embætti sýslumanna eða embætti lögreglu skal leitast við að bjóða honum starf annars staðar á umsýslusviði innanríkisráðuneytisins.

Koma má umsögnum og ábendingum á framfæri á eftirfarandi tölvupóstfangi: postur@irr.is fyrir 1. júlí n.k.

Þá er hægt að leita til Þórunnar J. Hafstein, skrifstofustjóra, eða Skúla Þórs Gunnsteinssonar, lögfræðings, vanti nánari upplýsingar um verkefni þetta, í síma 5459000 eða á netföngunum thorunn.j.hafstein@irr.is eða skuli.por.gunnsteinsson@irr.is.